



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

STUÐNINGUR VIÐ INNLEIÐINGU INSPIRE TILSKIPUNARINNAR Á ÍSLANDI

LANDFRÆÐILEG GÖGN RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA VERÐI OPNUÐ

VERKEFNI UNDIR STEFNU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ 2013-2016
VÖXTUR Í KRAFTI NETSINS – BYGGJUM, TENGJUM OG TÖKUM ÞÁTT



INSPIRE

Grunngerð Landupplýsinga í Evrópu
Infrastructure for Spatial Information in Europe

Þemuklasi – Líffjölbreytni og svæðastjórnun

Höfundur:	Ragnar Þórðarson
Stýrihópur:	Eydís Líndal Finnbogadóttir, sviðsstjóri hjá Landmælingum Íslands Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Dagsetning:	2. 2. 2016
Lýsing:	Skilgreining á þemuklasa – Líffjölbreytni og svæðastjórnun. Umfang, tilgangur, markmið og þátttakendur.
Unnið af:	Landmælingum Íslands
Unnið fyrir:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Málsnúmer:	UAR - UMH14010077, LMÍ - V201601018



EFNISYFIRLIT

1 Ágrip	I
2 Verkefnið	II
2.1 Forsaga	II
2.2 Tilgangur	III
2.3 Markmið	III
2.4 Aðferðir	III
3 Þemuklassi – Aðstöður, veitur og opinber þjónusta	1
3.1 Umfang	1
3.1.1 Verndarsvæði	1
3.1.2 Svæði sem lúta stjórnun/ takm./ reglug. og skýrslugjafareiningar	1
3.1.3 Líflandfræðileg svæði	2
3.1.4 Búsvæði og lífvist	2
3.1.5 Útbreiðsla tegunda	3
3.2 Tilgangur	3
3.3 Markmið	3
4 Þátttakendur	5
4.1 Tengiliðir	5
4.2 Aðrir	5
5 Fyrirkomulag	5
5.1 Almennt	5
5.2 Afurð	5
5.3 Framhald	5
6 Ítarefni	6
6.1 Grunngerð	6
6.2 INSPIRE	6



1 ÁGRIP

Þetta skjal skilgreinir þemuklasa – **Líffjölbreytni og svæðastjórnun**. Þemuklasinn er fyrir innleiðingu, umræður og framþróun innan eftirfarandi grunngerðarþema:

- Verndarsvæði
- Svæði sem lúta stjórnun/ takmörkunum/ reglugerðum og skýrslugjafareiningar
- Líflandfræðileg svæði
- Búsvæði og lífvist
- Útbreiðsla tegunda

Þemuklasinn er hugsaður sem framtíðarvettvangur fyrir sérfræðinga, stjórnendur og aðra þá sem þurfa að afla sér þekkingar eða geta deilt þekkingu sinni á stafrænum landupplýsingum sem falla undir umfang þemuklasans.

Þemuklasinn er íslensk útgáfa af INSPIRE þemuklasanum „Thematic Cluster – Biodiversity and Management Areas“ á vegum Joint Research Center sem er undir Evrópuráðinu.

Hópur þemuklasans á Facebook er á slóðinni:

<https://www.facebook.com/groups/liffjoltbreytileiki/>

Samevrópski þemuklasinn er á slóðinni:

<https://themes.jrc.ec.europa.eu/groups/profile/214/biodiversity-and-management-areas-cluster>

Ítarefni um tæknilegar kröfur, leiðbeiningar, gagnalíkon, -skipulag og XML skrár eru á slóðinni:

<http://inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2>



2 VERKEFNIÐ

2.1 FORSAGA

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (hér eftir INSPIRE) tók gildi 14. mars 2007. Í gegnum EFTA var þessi tilskipun tekin upp á Íslandi og með lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og reglugerð nr. 414/2014 um stafrænar landupplýsingar var INSPIRE tilskipunin innleidd á Íslandi. Vegna upptöku tilskipunarinnar í gegnum EFTA hefur Ísland þriggja ára frest á allar tímasetningar tilskipunarinnar varðandi innleiðingu og framkvæmd.

Verkefnið er unnið á forsendum laganna nr. 44/2011 og er markmið þeirra að byggja upp og viðhalda aðgengi að stafrænum landupplýsingum á vegum opinberra aðila. Samkvæmt lögnum er grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.“

Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar byggir á nokkrum meginreglum INSPIRE:

- Gögnum skal einungis safnað einu sinni.
- Gögnum skal vera haldið við þar sem hægt er að gera það á sem hagkvæmastan hátt.
- Einfalt yfirlit sé til yfir hvaða gögn og þjónusta er í boði (lýsigögn).
- Gögn ætti að nota frá upprunastað sínum.
- Tryggt verði að hægt sé að nota gögn frá mörgum eigendum í mismunandi samhengi

Til að uppfylla tilskipunina þarf að standa skil á nokkrum verkþáttum, svo sem skráningu lýsigagna og aðgengi að gögnum, innan ákveðins tímaramma. Til að Ísland nái settum markmiðum þótti nauðsynlegt að setja af stað sérstök verkefni. Hið fyrra var með það að markmiði að kortleggja hvar og hvernig þau gögn eru geymd sem INSPIRE tilskipunin kveður á um og auka lýsigagnaskráningu. Það verkefni byggði á að verkefnisstjóri hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu setti á fót vinnuhópa í kringum þemu INSPIRE úr viðauka I og II og vann með tengiliðum opinberra aðila sem hafa viðkomandi gögn undir höndum. Í sameiningu voru gögnin kortlögð, þar sem hægt var, komið var með tillögur um hvað mátti betur fara og á endanum var skilað skýrslum um ferla og niðurstöður. Þær skýrslur nýtast þegar kemur að skilum á gögnum Íslands sem INSPIRE kveður á um. Núvarandi verkefni hefur það markmið að mynda samskiptavettvang fyrir opinbera aðila til að efla myndun tengslaneta þeirra á milli og svo að auka þekkingu þeirra á grunngerðarlögnum og flýta þannig fyrir innleiðingu þeirra.



2.2 TILGANGUR

Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi felur í sér aukið og betra aðgengi að upplýsingum og gögnum sem hafa landfræðilega staðsetningu í eigu eða forsjá stjórnvalda eins og þau eru skilgreind í Upplýsingalögum nr. 140/2012. Grunngerðin felur í sér hagræðingu í rekstri opinberra landupplýsingakerfa t.d. með innleiðingu staðla og tækninýjunga, samræmingu vinnubragða, skilgreiningu hlutverka og nýtingu vefþjónustu við dreifingu gagna. Minna ætti að vera um tvívinnslu eða –geymslu landupplýsinga hins opinbera þar sem ljóst ætti að vera hvar ákveðin gögn væru unnin og geymd og hver færi með ábyrgð þeirra.

INSPIRE tilskipunin, í gegnum lög nr. 44/2011, kveður á um að Íslenska ríkið geri stafrænar landupplýsingar opinberra aðila aðgengilegar almenningi skv. ákveðnu forsníði. Þar með er kominn hvati til að hagræða skipulagi opinberra landupplýsinga svo auðveldara sé að fella þau að kröfum INSPIRE og veita um leið almenningi greiðari aðgang. INSPIRE byggir á grunngerð landupplýsinga hvers ríkis og því hvetur það aðildarlönd í átt að betra skipulagi og hagræðingu sem fylgir góðri grunngerð.

2.3 MARKMIÐ

Meðvitund og þekking þeirra sem falla undir lög nr. 44/2011 á eigin hlutverki og ábyrgð er lykill að vel heppnaðri innleiðingu laganna og þar með uppbyggingu grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Markmið þessa verkefnis er að koma upp þemuklössum sem tryggja aðgang að þekkingu fyrir þá sérfræðinga og stjórnendur sem eiga hlutverk í grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Markmiðið er að þessir þemuklasar séu framtíðarvettvangar þar sem umræður, framþróunn og almenn innleiðing laga nr. 44/2011 á sér stað að frumkvæði umfangsmestu gagnaeigenda eða notenda hvers þema fyrir sig eða þemuklasa.

2.4 AÐFERÐIR

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið býður tengiliðum frá helstu gagnaeigendum hins opinbera að taka þátt í viðeigandi þemuklössum. Verkefnisstjóri þessa verkefnis sinnir fundaboðum og fundastjórn á meðan verkefnið er í gangi. Byrjað er á fundum með tengiliðum og sérfræðingum lykilstofnana þar sem verkefnið er kynnt og hlutverk þeirra skv. lögum nr. 44/2011. Reynt verður að koma upp samskiptum á hópasíðum þemuklasanna á Facebook samskiptamiðlinum sem hugsaður er sem meginvettvangur klasanna fyrst um sinn.



3 ÞEMUKLASI – AÐSTÖÐUR, VEITUR OG OPINBER ÞJÓNUSTA

Hópur þemuklasans á Facebook er á slóðinni:

<https://www.facebook.com/groups/liffjoltbreytileiki/>

Samevrópski þemuklasinn er á slóðinni:

<https://themes.jrc.ec.europa.eu/groups/profile/214/biodiversity-and-management-areas-cluster>

Ítarefni um tæknilegar kröfur, leiðbeiningar, gagnalíkon og XML skrár eru á slóðinni:

<http://inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2>

3.1 UMFANG

3.1.1 VERNDARSVÆÐI

SKILGREINING INSPIRE

„Svæði sem tilnefnd eru eða stjórnað innan ramma alþjóðalaga, löggjafar Bandalagsins og aðildarríkjanna til að ná fram tilteknum verndunarmarkmiðum.“

UM ÞEMAÐ

Þemað nær yfir öll svæði sem eru vernduð með einhverjum ramma eða regluverki til þess að varðveita menningararf, náttúru, lífríki eða jarðfræði. Á Íslandi eru þetta ekki aðeins friðlýst svæði heldur einnig friðuð svæði líkt og RAMSAR, OSPAR, húsafríðanir, fornleifar, hverfisvernd og önnur svæði eða fyrirbæri sem eru undir vernd eins og lýst er að ofan.

Eins og er fæst ekki heildarsýn yfir friðlýst og vernduð svæði á Íslandi með þeim gögnum og gagnasöfnum sem eru til. Góð heildarsýn ætti að auðvelda alla skipulagsvinnu auk þess tryggja viðkomandi aðilum örugg gögn sem treysta má þegar kemur að framkvæmdum sem raska umhverfinu á einhvern hátt. Gera má ráð fyrir að mjög margir aðilar komi að þessu þema á Íslandi og kallar það á mikla samvinnu og opinskátt samtal á milli opinberra aðila.

3.1.2 SVÆÐI SEM LÚTA STJÓRNUN/ TAKM./ REGLUG. OG SKÝRSLUGJAFAREININGAR

SKILGREINING INSPIRE

„Svæði sem er stjórnað, eru háð reglum eða notuð við skýrslugjöf á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi og á lands-, svæðis- og staðarvísu. Til þeirra teljast losunarstaðir, svæði með takmarkaðan aðgang í kringum drykkjarvatnslindir, svæði sem eru viðkvæm fyrir nítrati, merktar siglingaleiðir á hafi úti eða á víðáttumiklum innri vatnaleiðum sem eru háðar reglugerðum, svæði ætluð fyrir losun úrgangs, svæði með hávaðatakmörkunum, svæði þar sem leit og námugröfur eru leyfð, vatnasviðaumdæmi, viðeigandi skýrslugjafareiningar og strandstjórnuarsvæði.“

UM ÞEMAÐ

Grátt svæði er milli þessa þema og þemans Verndarsvæði. Vatnsvernd og önnur vernd sem ætluð er til stjórnunar svæða, takmörkunar á athöfnum fellur undir þetta þema á meðan vernd sem miðar að varðveislu menningararfs, náttúru, lífríkis eða jarðfræði fellur undir Verndarsvæði. Það



verða því einhverjar skilgreiningar sem falla á milli þessara þema og verður þá að taka ákvörðun hvoru megin þau falla. Skýrslugjafareiningar geta verið fengnar úr öðrum þemum, líkt og NUTS svæði Tölfræðilegra eininga eða sveitarfélagamörk Stjórnarsýslueininga. Þetta þema uppfyllir þá þörf fyrir landfræðilega birtingu þeirra skýrslugjafareininga sem ýmsar tilskipanir, reglugerðir og önnur verkefni skilgreina. Gagnaskemu þessa þema hönnuð á mjög opinn máta þar sem mjög óeinsleit svæði er að ræða innan þemans og á því að vera lítil hindrun að fella ólík gögn inn í gagnaskema þemans.

3.1.3 LÍFLANDFRÆÐILEG SVÆÐI

SKILGREINING INSPIRE

„Svæði með tiltölulega einsleit vistfræðileg skilyrði með sameiginlegum einkennum.“

UM ÞEMAÐ

Þemað er eitt þriggja þema sem falla undir líffjölbreytileika. Hin þemun eru „Búsvæði og lífvist“ og „Útbreiðsla tegunda“. Öll þrjú eiga samleið með þemanu „Verndarsvæði“, auk annarra eins og skýrslugjafarhluta „Svæði sem lúta stjórnun/ takm./ reglug. og skýrslugjafareiningar“.

Tilskipun EEC/92/43 um vernd náttúrulegra vistgerða/búsvæða, svo kallað „Habitat directive“ er mikilvægasta plaggið við hönnun þessa þema. Þemað byggir á flokkunum sem þar eru skilgreindar og byggir á því að birta þau líflandfræðilegu svæði sem þar eru skilgreind. Þó er þátttökuríkjum ekki ætlað að viðhalda eða birta þau svæði, þar sem sú ábyrgð er á höndum umhverfisstofnunar Evrópu (EEA). Fyrir þátttökuríki er hugsunin sú að birta aðrar eða ítarlegri flokkanir. Innbyggðar flokkanir eru í gagnaskema þemans en boðið er upp á að bæta við flokkunum.

3.1.4 BÚSVÆÐI OG LÍFVIST

SKILGREINING INSPIRE

„Landsvæði sem einkennast af tilteknum vistfræðilegum skilyrðum, ferlum, uppbyggingu og virkni (til stuðnings lífi) sem eru efnislegur grundvöllur lífvera sem lifa þar. Þar með teljast land- og lagarsvæði sem einkennast af landfræðilegum, ólífrænum og lífrænum fitjum, hvort sem þau eru náttúrleg eða hálfnáttúrleg.“

UM ÞEMAÐ

Þemað nær annars vegar yfir búsvæði sem afmörkuð landfræðileg svæði þar sem einstaka tegundir, plöntu- eða dýrategundir, eiga heimkynni sín og hins vegar lífvist eða lífsvæði sem eru svæði sem halda uppi ákveðnu samfélagi tegunda. Þrátt fyrir eðlismun er farið mjög svipað með hvort tveggja í gagnaskemanu auk þess sem í leiðarvísinum er oftast talað um búsvæði en þó er í flestum tilvikum einnig átt við lífsvæði (lífvist). Flokkunarkerfi eru mismunandi milli landa og oft erfitt að tengja á milli þeirra. EUNIS búsvæðaflokkunin og „Marine Strategy Framework Directive“ flokkunin eru þær flokkanir sem miðað skal við að jafnaði. Séu notaðar aðrar flokkanir ættu þær að hafa skjalfest tengsl við áður nefndar flokkanir. Eins og flest þemun í þessum klasa á það sterk vensl við önnur þemu sem falla undir líffjölbreytileika, auk fleiri þema líkt og stjórnuðum svæðum (kafla 3.1.2).



3.1.5 ÚTBREIÐSLA TEGUNDA

SKILGREINING INSPIRE

„Landfræðileg útbreiðsla dýra- og plöntutegunda, gögn söfnuð saman eftir reitum, svæðum, stjórnsýslueiningum eða öðrum greiningareiningum.“

UM ÞEMAÐ

Þetta þema er ekki fyrir einstaka athuganir eða skráningar á tilvist tegunda (hrágögnum) heldur fyrir samsettar niðurstöður eins og kemur fram í skilgreiningu INSPIRE. Þemað Umhverfissvöktunaraðstaða getur aftur á móti tekið við hrágögnunum. Það er viðbót í þemanu sem býður upp á „lýsigögn“ innan gagnasafnsins um þær mælingar sem liggja að baki hverju greiningareiningu (analysis unit) til að koma upplýsingum líkt og nákvæmni eða áreiðanleika til þeirra sem skoða gögnin. Þetta þema er ekki með landfræðilegar fitjur inni í skemanu heldur fær staðsetningu frá þemum eins og Stjórnsýslueiningar eða Tölfræðieiningum. Flokkun tegunda er háð mati sérfræðinga og því ekki til algild flokkun fyrir allar tegundir. Flokkunarlistinn EU-Nomen ætti að vera fyrsta val í tilgangi INSPIRE. Sé tegundin ekki þar skal nota EUNIS flokkunarlistann, ella Natura2000.

3.2 TILGANGUR

Tilgangur þemuklasans er að mynda faglegan umræðu- og samráðshóp fyrir viðfangsefni þemanna sem klasinn nær yfir. Hópurinn á að vinna saman að uppbyggingu og innleiðingu grunngerðar stafrænna landupplýsinga á Íslandi, innan umfangs þessa þemaklasa, í samræmi við lög nr. 44/2011.

Í sumum tilvikum eru stofnanir að uppfylla aðrar tilskipanir eða Evrópureglugerðir með upplýingasöfnun, skýrsluskilum og upplýsingagjöf. INSPIRE miðar að því að endurnýta þá upplýingasöfnun sem fyrir er og byggir að miklu leyti á fyrirliggjandi tilskipunum og reglugerðum. Grunngerðarþemuklasarnir eru tilvalinn vettvangur stofnana að samræma upplýingasöfnun og gagnaskil til þess að lágmarka tvíverknað. Einnig er vettvangurinn kjörinn til að koma á framfæri hvaða tilskipanir og reglugerðir eru í gildi á Íslandi, en flókið lagaumhverfi gerir það oft hægara sagt en gert að sjá heildarmyndina á hverju fagsviði fyrir sig.

Hver opinber eining er ábyrg fyrir skráningu og aðgengileika sinna landupplýsinga í grunngerðinni. Eitthvað er um skaranir milli þemanna og því mikilvægt að allir aðilar grunngerðarinnar samræmist til að mynda sterka og skilvirka grunngerð stafrænna landupplýsinga.

Með góðu utanumhaldi í þessum þemuklasa mætti fá heildstæða mynd af verndun og verndarþörf landssvæða og tegunda auk viðhalds líffjölbreytileika íslenskrar náttúru. Landfræðilegar greiningar gætu átt stóran þátt í ábyrgri ákvarðanatöku stjórnvalda t.a.m. við leyfisveitingar, framkvæmdaáætlanir, reikninga á spálíkönnum (eins og stofnstærðir eða útbreiðslu tegunda) og svo mætti lengi telja. Einnig væri aðgangur að nauðsynlegum landupplýsingum tryggður komi upp gróðureldar eða umfangsmikil mengunarslys.

3.3 MARKMIÐ

Markmið þemuklasans er tvíþætt.



1. Að stuðla að innleiðingu INSPIRE og laga nr. 44/2011 um grunngerð stafrænna landupplýsinga á Íslandi með skráningu og aðgengileika landupplýsinga eins og tilskipunin og lögin gera ráð fyrir.
2. Að vera virkur umræðu- og samráðsvettvangur um málefni tengd þemum klasans.

DRÖG



4 ÞÁTTTAKENDUR

4.1 TENGILIÐIR

Ekki verða skráðir sérstakir opinberir tengiliðir við þetta verkefni líkt og undanfara þess, aðeins tengiliðir vegna samskipta við verkefnastjóra og verður haft samband við þá ef þörf krefur.

4.2 AÐRIR

Öllum er heimilt að taka þátt í umræðum þemuklasanna, stjórnendur, sérfræðingar og aðrir starfsmenn. Sérfræðingar einkafyrirtækja eru sérstaklega hvattir til að taka þátt í þeim þemuklösum sem þeir telja sig eiga hagsmunum í eða búa yfir þekkingu til að miðla af.

5 FYRIRKOMULAG

5.1 ALMENNT

Þemuklasinn er stofnaður undir verkefninu „Stuðningur við innleiðingu INSPIRE á Íslandi“ sem er unnið hjá Landmælingum Íslands í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Á árinu 2015 kallaði verkefnisstjóri til sérfræðinga stofnana og kynnti hugmyndina á fundum. Hugmyndinni var varpað fram, verkefnið kynnt, vettvangur á formi Facebook hópa búinn til og ítarefni búið til og dreift.

Lögð er sérstök áhersla á að hver opinber aðili ber ábyrgð á sínum hluta innleiðingarinnar. Aðeins voru stofnaðir 3 þemuklasar sem tilraunaverkefni og verður lögð meiri vinna í verkefnið komi í ljós árangur eða vilji í verki fyrir áframhaldandi vinnu hjá þeim sem verkefnið var kynnt fyrir

5.2 AFURÐ

Ólíkt verkefninu árið 2014 sem unnið var undir sama nafni verða ekki lokaskýrslur fyrir hvert INSPIRE þema. Stöðuskýrsla verður gerð fyrir verkefnið í heild.

5.3 FRAMHALD

Árið 2016 verður þeim þemuklösum sem stofnaðir voru 2015 fylgt eftir og reynslan látin sýna hvort þetta form henti við uppbyggingu grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Landmælingar Íslands munu hefja umræður ef þess telst þörf, en að öðru leyti er treyst á að þær stofnanir sem koma að þemuklösunum hafi frumkvæði að þeim. Nauðsynlegt er fyrir svona vinnu að einhver ein stofnun beri ábyrgð á að halda umræðuvettvanginum gangandi, og hlýtur að teljast eðlilegt að sú stofnun sé ein af burðarásum hvers fagsviðs fyrir sig.

Árangur starfsins verður svo metinn huglægt út frá virkni umræðna á Facebook síðum klasanna sem og annarri virkni þeirra utan spjallhópsins, t.a.m. fundum.



Mælanlegur árangur verður metinn út frá skráðum lýsigögnum fyrir gagnasett og þjónustur sem falla undir þemu þemuklasanna og það borið saman við önnur þemu sem falla ekki undir þemuklasana. Mælingar byrja í lok árs 2015 og verða teknar saman ásamt huglægu mati á virkni þemuklasanna í áfangaskýrslum LMÍ í lok árs 2016.

6 ÍTAREFNI

6.1 GRUNNGERÐ

WWW.LMI.IS/UM-GRUNNGERD

Á heimasíðu Landmælinga Íslands má finna allar helstu upplýsingar um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. LMÍ er framkvæmdaraðili fyrir innleiðingu INSPIRE, laga númer 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi og reglugerðum sem þeim fylgja.

GATT.LMI.IS

Landupplýsingagátt Landmælinga Íslands er hjarta grunngerðar fyrir landupplýsingar á Íslandi. Í gáttina eru skráð lýsigögn (e. Metadata) sem lýsa landupplýsingum sem eru vistaðar hjá eigendum þeirra. Aðeins lýsigögn eru vistuð í gáttinni, ekki landupplýsingarnar sjálfar. Lýsigögnin innihalda m.a. aðgangsupplýsingar, hvort sem það er slóð á vefþjónustu landupplýsinganna eða tengiliðsupplýsingar, og hvort hömlur séu á notkun eða dreifingu gagnanna.

WWW.UAR.IS/INSPIRE_SKYRSLUR

Á heimasíðu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins má nálgast skýrslur sem unnar voru árið 2014 um stöðu landupplýsinga sem falla undir gagnaþemu í viðauka I og II laga nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

6.2 INSPIRE

INSPIRE.EC.EUROPA.EU

Heimasíða INSPIRE verkefnisins inniheldur allar skrár, skjöl, gagnalíkön og tengla á viðeigandi heimasíður. Síðan er nokkuð flókin enda gífurlegt magn upplýsinga á einni heimasíðu.

THEMES.JRC.EC.EUROPA.EU

Þemuklasar INSPIRE, og fyrirmynd þessa verkefnis. Mælt er með því að þátttakendur í íslensku þemuklösunum skrái sig einnig í INSPIRE þemuklasana og fylgist með sínu fagsviði.



DRÖG

